

Dómsorð:

Stefndi, Kristján Þorsteinsson, greiði stefnanda, Þorsteini Jónssyni, kr. 31.933.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. október 1955 til greiðsludags og kr. 4.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudagurinn 10. desember 1958.

Nr. 183/1958. **Haukur Kristjánsson**

gegn

Valdstjórninni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-son, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Um skyldu læknis til blóðtöku. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. nóvember 1958, sem Hæstarétti barst 28. s. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 2. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og kærumálskostnaður dæmdur á hendur ríkissjóði.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt Hæstarétti frá fyrirsvári valdstjórnarinnar.

Tilefni var til að taka sökunaut þeim, sem í málinu greinir, blóð til ákvörðunar á áfengismagni í því. Var honum skylt að hlíta þeirri aðgerð, enda hefur eigi verið í ljós leidd nein ástæða til, að eigi hafi mátt slíka rannsókn á leggja, sbr. 7. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958. Samkvæmt 41. gr. laga nr. 27/1951 var kæranda skylt að framkvæma nefnda læknisrannsókn og blóðtöku. Ber því að staðfesta úrskurð sakadómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið var í Heilsuverndarstöðinni af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp úrskurður um skyldu yfirmanns slysavarðstofunnar til að taka manni blóð.

Mál þetta er þannig vaxið, að kl. 04.25 í nótt var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um bifreiðaárekstur á Suðurlandsbraut móts við Bílasmiðjuna. Þarna hafði valdið harkalegum árekstri Björn nokkur Kjartansson, Suðurlandsbraut 94, fæddur 23. maí 1932 í Reykjavík. Lögreglan í Reykjavík telur kærða vera með áfengisáhrifum. Kærði neitar blóðtöku. Það leiddi til þess, að læknir slysavarðstofunnar synjaði um að taka kærða blóð.

Í 41. gr. laga nr. 27/1951 eru ákvæði um skyldu manna, að viðlögðum sektum, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar.

Það má segja, að öll ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958 um ölvun við akstur byggist fyrst og fremst á því, að fyrir liggi rannsókn á blóði þess manns, sem grunaður er um ölvun við akstur, og samkvæmt 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga eru menn, sem þannig stendur á fyrir, skyldir til að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega til rannsóknar á þeim, þ. á m. blóðrannsókn, og er tekið fram, að lögreglan geti fært þá til læknis í þessu skyni. Með öðrum orðum, ákvæði umferðarlaga um vernd þjóðfélagsins gegn ölvunarakstri manna byggist á niðurstöðum blóðrannsókna að langmestu leyti.

Með skírskotun til alls þess, sem hér hefur verið sagt, og sérstaklega með vísan til 41. gr. laga nr. 27/1951 er yfirmanni slysavarðstofunnar, Hauki lækni Kristjánssyni, skylt að taka kærða blóð til rannsóknar á áfengismagni í blóði hans.

Ályktarorð:

Haukur Kristjánsson læknir, forstöðumaður slysavarðstofunnar, er skyldur til að taka kærða, Birni Kjartanssyni, blóð til áfengisrannsókna.